

Lög

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

I. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. fylgir fasteignaskatti vegna áráanna 2008–2010 lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á og skal hann, ásamt dráttarvöxtum í fjögur ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „30 daga“ í 1. og 2. másl. kemur: 90 daga.
- b. 3. másl. fellur brott.

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum kemur: 31. desember 2012.

4. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, er orðast svo:

Endurgreiðsla gatnagerðargjalda vegna lóða sem úthlutað var eða byggingarleyfi var veitt á fyrir gildistöku laga þessara skal verðbætt miðað við vísitölu neysliverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags.

III. KAFLI
Gildistaka.
5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 2. mars 2009.